

Fundargerð 532

Föstudaginn 23. febrúar 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsvið (við dagskrárlið 8) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína B. Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:04 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Skýrsla ábyrgðamanns peningaþvættis - til kynningar
2. Skýrsla persónuverndarfulltrúa - til kynningar
3. Uppfærð persónuverndarstefna - til afgreiðslu
4. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Máskot til stjórnar - til afgreiðslu
5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
6. Staðan á aðildarviðræðum InvestEU - til kynningar
7. Samningar við landshlutasamtökin - til kynningar
8. Orkukostnaður heimila - til kynningar
9. Umsögn um fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um úthlutun aflamark Byggðastofnunar - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Skýrsla ábyrgðamanns peningaþvættis - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla ábyrgðamanns peningaþvættis sem HÁ kynnti. Engin mál komu á borð ábyrgðamanns peningaþvættis á síðasta ári.

2. Skýrsla persónuverndarfulltrúa - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla persónuverndarfulltrúa sem HÁ kynnti. Engir öryggisbrestir hafa verið skráðir og engar beiðnir frá skráðum einstaklingum hafa borist frá því lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga tóku gildi. Persónuverndarfulltrúi hefur svarað nokkrum munnlegum fyrirspurnum sem ekki hafa gefið tilefni til frekari aðgerða.

Til mál tók HKH.

3. Uppfærð persónuverndarstefna - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur uppfærð persónuverndarstefna í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga til afgreiðslu sem HÁ kynnti.

Formaður bar uppfærða persónuverndarstefnu upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

4. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 3/24 - 7/24 sem HP kynnti.

b. Málskot til stjórnar - til afgreiðslu

...

5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun sem SEÞ og AME kynntu.

Til máls tóku HKH og KB.

6. Staðan á aðildarviðræðum InvestEU - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasvið um stöðu aðildarviðræðna Byggðastofnunar við Evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF) um aðkomu stofnunarinnar að ábyrgðakerfinu InvestEU sem HP kynnti.

Umsókn Byggðastofnunar um að hefja aðildarviðræður við EIF um þátttöku í InvestEU var samþykkt á stjórnarfundi EIF þann 8. febrúar sl.

Unnið er að nánari útfærslu lánaflokka meðfram samningsgerðinni. Hvort tveggja verður borið undir stjórn til afgreiðslu þegar þar að kemur.

Til máls tóku AME, SP, RÞG og MaH.

7. Samningar við landshlutasamtökin - til kynningar

Fyrir fundinum liggur úttekt á starfsemi landshlutasamtaka innan samnings um atvinnu- og byggðaðþróun árið 2022 sem SEÞ kynnti.

Til máls tóku KB, ÓH, MaH og SP.

Formaður gerði hlé á fundi kl. 10:30 til 10:35

8. Orkukostnaður heimila - til kynningar

ÞS kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti nýja skýrslu Byggðastofnunar um orkukostnað heimila árið 2023. Liggur skýrslan fyrir fundinum til kynningar.

Til máls tóku SP, KB, RÞG og HB.

ÞS vék af fundi.

9. Umsögn um fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar - til kynningar

RR kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað Péturs Friðjónssonar og Reinhards Reynissonar sérfræðinga hjá Byggðastofnun auk 13 vistunarsamninga vegna vistunar á aflamarki fyrir samningsaðila á Breiðdalsvík og Djúpavogi fiskveiðiárin 2021/2022 og 2022/2023 vegna fyrirspurnar Sigurjóns Þórðarsonar sem lögð var fram á stjórnarfundi 24. janúar sl. sem RR kynnti.

Til máls tóku SP, AME, HB, RÞG og KB.

SÞ óskaði eftir frekari upplýsingum sem starfsmenn munu taka sama og verða þau send stjórnarmönnum.

HB vék af fundi.

10. Önnur mál

Úthlutun aflamarks á Hólmavík

RR upplýsti um stöðuna á úthlutun aflamarks Byggðastofnunar á Hólmavík en fjórar umsóknir bárust. Fundað hefur verið með hverjum og einum umsækjanda og kannað hvort umsækjendur gætu unnið saman til að hægt sé að vinna aflamarkið á svæðinu. Stefnt er að því að leggja fram tillögu um úthlutun til stjórnar á fundi í mars.

RR vék af fundi.

11. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun í apríl en lagt er til að hann verði haldinn 27. mars nk. og verður það fjarfundur. Ársfundur Byggðastofnunar verður 17. apríl í Bolungarvík. Skipulagning ársfundar er í vinnslu og verður dagskrá send stjórn þegar hún liggur fyrir. Gert er ráð fyrir stjórnarfundum að morgni 17. apríl og heimsóknum í fyrirtæki.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:53.

Magnús Helgason fundarritari.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson